

Nr. 089 / 14 Ársæll ÁR 66***Skipverji slasast á þilfari***

Skipaskr.nr. 1014 IMO nr. 6616344
Smíðaður: Brattvaag Noregi, 1966
Stærð: 196,9 brl. 252,8 bt.
Mesta lengd: 34,64 m Skráð lengd: 30,30 m
Breidd: 6,75 m Dýpt: 5,73 m
Vél: Stork Werkspoor 589 kW, 1982
Fjöldi skipverja: 10



Ársæll©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..

Atvikalýsing:

Þann 25. september 2014 var Ársæll ÁR 66 á veiðum austan Vestmannaeyja. Veður: SV 6-10 m/sek

Verið var að draga í kantinum austan Háfadjúps þegar bilunar varð vart í netaniðurleggjara á skutþilfari skipsins og unnu tveir skipverjar að viðgerð. Vegna bilunarinnar og veltings skipsins varð höfuð annars þeirra á milli þegar búnaðurinn rann til.

Siglt var strax með slasaða til Vestmannaeyja og honum komið á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að netaniðurleggjarinn saman stendur af uppistöðum, ramma og braut yfir þilfarið. Keðja er föst til endanna ofan við brautina og drifhjólíð á netaafdragaranum (könguló) sem keyrir með tilstilli drifhjólsins eftir brautinni. Talið var að köngulóin hafi verið 100 til 150 kg. Hún dregur til sín netin og leggur þau niður á netakassa þilfarsins.
- að slasaði sagðist hafa verið við annan mann að koma lagi á köngulóna sem hafði aftengst drifbúnaðinum. Drifhjólíð hafði farið út af drifkeðjunni og hann var að stýra keðjunni inn á hjólíð;
- að þegar þeir voru að þessu, áður en hjólíð komst inn á keðjuna, rann köngulóin á veltunni til á brautinni. Slasaði hafði ekki afl til að halda við hana áður en höfuð hans varð á milli köngulóarinnar og rammans.
- að slasaði stóð undir niðurleggjaranum og stóð höfuð hans upp fyrir brautina;

- að slasaði var með hefðbundinn öryggishjálmi á höfði. Þar sem hjálmurinn sat eingöngu á höfðinu en náði ekki niður með vöngum veitti hann enga vörn því köngulóin og ramminn lögðust á höfuð skipverjans undir hjálminum;
- að þegar skipverjar fóru yfir ferlið eftir slysið var það álit þeirra að setja hefði átt bönd á köngulóna áður en vinna við lagfæringar hófst til þess að hún væri ekki laus á brautinni. Þess ber samt að geta að ekki var hægt að binda hana alveg fasta því nauðsynlegt var að keyra hana til því ekki var hægt að koma drifhjólínu á keðjuna nema á henni miðri þar sem meiri sveigjanleiki myndaðist á henni;
- að eftir skoðun á búnaðinum kom í ljós að rétt horn (90°) var ekki á milli drifhjólsins og drifkeðjunnar og vildi drifhjólið keyra út af keðjunni við enda hennar en þar var hún föst og hafði engan sveigjanleika. Brugðist var við þessum smíðagalla með því að breyta festingum drifmótorsins.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að vinnuáætlaður voru ekki tryggðar áður en viðgerð hófst.